

Fulltrúar B-lista leggja fram tillögu um að gerður verði samstarfssamningur við listakonuna Þórhildi Jónsdóttur, um sýningu og mögulega hýsingu á sýningunni „Njála í myndum“ í Hvolsskóla, Hvolsvelli.

Um er að ræða 150 teikningarnar sem eru lýsingar á atburðum úr Njálssögu á myndrænu formi. Búið er að koma meirihluta verkanna á prent og gæti samningur sem slíkur orðið stuðningur við áframhaldandi vinnu við útprentun verkanna. Verkefnið var unnið í samvinnu við og af frumkvæði eiganda Sagnavefsins/brennunjálssaga.is til að nýta við kennslu og stuðning við lestur Njálu, en myndirnar eru í eigu Þórhildar Jónsdóttur frá Lambey, Rangárþingi eystra.

Í ljósi þess að aðalsöguvið Njálssögu er í Rangárþingi eystra er sögunni gert hátt undir höfði í Hvolsskóla þar sem sagan er lesin upp af nemendum 10. bekkjar ár hvert á degi íslenskrar tungu. Það myndi auka enn á áhrif upplestrarins að hafa tugi mynda af atburðum sögunnar til sýnis fyrir nemendur, stafsmenn og gesti.

Bjarki Oddsson
Lilja Einarasdóttir
Rafn Bergsson